

Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

2. fundargerð á haustönn 2023

miðvikudaginn 20. september. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttu eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

Rætt um svigrúm nemenda til þátttöku í ungmennastarfi sveitarfélaga og fram kemur að það lúti sömu lögmálum og svigrúm til þátttöku í íþróttum.

B. Aðrar umsóknir

Umsóknir um undanþágu frá dönskunámi. Samþykkt enda hafði nemandinn undanþágu frá dönskunámi í grunnskóla.

Umsóknir um fjarnám á næstu önn. Hafnað eftir umsögn frá kennslustjóra þar sem framkemur að verklega áfanga er ekki unt að taka í fjarnámi.

Umsókn um að fá að taka ENS403 eða ENS303 í fjarnámi í stað ENSK3hr05 sem er í kjarna brautar tekin upp eftir að umsögn kennslustjóra í ensku liggur fyrir og hafnað.

Umsókn um undanþágu frá spænskunámi tekin upp eftir að umsögn kennslustjóra í erlendum málum liggur fyrir og hafnað.

2. Af vettvangi NFFG

- Fulltrúar NFFG sögðu frá að nýmemaferð hefði gengið sérstaklega vel og fram kom mikil ánægja með staðsetningu og að netsamband hefði verið takmarkað á staðnum. Áhugi kom fram um að nýmemaferð yrði í Vatnaskógi að ári.
- Hreyfivika verður í næstu viku með viðburðum í hádegi alla vikuna. Auk þess býður NFFG upp á ríkulegt meðlæti með morgungrautnum.
- Árshátíð verur haldin 14. mars í Gamla bíói.
- Skólapeysur eru væntanlegar.
- Rætt um þátttöku í Morfís og tilhögun þjálfunar.
- Opinn fundur NFFG og skólastjórnenda verður haldinn 4. október næstkomandi.

3. Önnur mál

Rætt um bílastæðismál skólans og viðbrögð þegar bifreiðum er lagt ólöglega. Mikil hætta getur skapast bílum er lagt illa eða ólöglega og aðkoma sjúkra- og slökkvibíla verður erfið eða ómöguleg.

Umræður um yfirlýsingu stjórnar NFFG frá 17. september. Fram kom ánægja með hofsstilltan málf lutning sem fram kom í henni.

Fundinn sátu:

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Laufey Rán Svavarsdóttir, fjármálastjóri NFFG

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi